

Rammagrein 5 Könnun á mati sérfræðinga á fjármálamarkaði á horfum í efnahagsmálum

Meðfylgjandi tafla sýnir efnahagsspár sérfræðinga á fjármálamarkaði sem gerðar voru í byrjun nóvember sl. Sem fyrr voru þátttakendur í könnuninni greiningardeildir Íslandsbanka hf., KB banka hf., Landsbanka Íslands hf. og Ráðgjöf og efnahagsspár ehf.

Mat sérfræðinganna á verðbólguhorfum í ár og næsta ár hefur farið hækkandi frá því í ársbyrjun í samræmi við þróun neysluverðsvísitölunnar á þessu tímabili. Þeir telja að verðbólgan yfir árið 2004 verði að meðaltali 3,7% en 3,2% milli ára 2003 og 2004. Spá Seðlabankans er næstum sú sama: 3,8% yfir ár og 3,2% milli ársmeðaltala. Meiri munur er á verðbólguþám þessara sérfræðinga og Seðlabankans fyrir árið 2005. Seðlabankinn spáir lægri verðbólgu yfir árið 2005 eða 3,0% á móti 3,5% meðaltali markaðsaðila en spáin um verðbólgu milli ára 2004 og 2005 er svipuð. Allar spár eru yfir verðbólguþámið bankans.

Hagvaxtarhorfur eru betri núna að mati sérfræðinganna en í ágúst sl. Að meðaltali álíta þeir að hagvöxtur á þessu og næsta ári verði um 5% en tölu-

verður munur er á hæsta og lægsta gildi. Seðlabankinn spáir meiri hagvexti eða um 5½% vexti í ár og um 6% árið 2005.

Svarendur spá að meðaltali gengisvísitölu 123 eftir tólf mánuði sem er nokkru lægra gengi en verið hefur undanfarnar vikur. Þá gera þeir ráð fyrir að gengisvísitalan standi í 128 stigum eftir tvö ár sem þýðir enn frekari gengislækkun.

Stýrivextir Seðlabankans voru hækkaðir 1. nóvember sl. í 7,25% en sérfræðingarnir reikna með meiri hækkunum næstu misseri því að þeir spá 8,6% stýrivöxtum að ári og þeim sömu að tveimur árum liðnum. Af töflunni má hins vegar ráða að sérfræðingana greinir á um þróunina.

Það sama á við um framtíðarverð hlutabréfa, – ekki síst þegar horft er tvö ár fram í tímann. Einn aðili býst við töluverðri lækkun en aðrir við hækkun – mismikilli þó. Sérfræðingar fjármálafyrirtækjanna telja að fasteignaverð muni halda áfram að stíga næstu misseri.

Yfirlit yfir spár sérfræðinga á fjármálamarkaði¹

	2004			2005		
	Meðaltal	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Meðaltal	Lægsta gildi	Hæsta gildi
Verðbólga (yfir árið).....	3,7	3,5	3,9	3,5	2,7	4,9
Verðbólga (milli ársmeðaltala).....	3,2	3,1	3,3	3,5	3,1	4,4
Hagvöxtur.....	5,0	3,9	6,2	5,1	4,3	6,5
	Eitt ár fram í tímann			Tvö ár fram í tímann		
Gengisvísitala erlendra gjaldmiðla.....	123,0	120,0	128,0	128,0	123,0	133,0
Stýrivextir Seðlabankans.....	8,6	8,5	9,0	8,6	8,0	9,5
Langtímanafnvextir ²	8,2	8,0	8,2	7,5	7,0	7,7
Langtímaraunvextir ³	3,8	3,5	4,2	3,6	3,2	3,9
Breyting úrvalsvísitölu aðallista.....	2,5	-20,0	20,0	11,8	-10,0	35,0
Breyting fasteignaverðs.....	8,8	5,0	10,0	12,3	10,0	15,0

1. Taflan sýnir breytingu milla tímabila í % nema að því er varðar gengi og vexti. Sínd eru þau gildi sem spáð er fyrir vexti (%) og gengisvísitölu erlendra gjaldmiðla (stig). Þátttakendur í könnuninni eru greiningardeildir Íslandsbanka hf., KB banka hf. og Landsbanka Íslands hf. og Ráðgjöf og efnahagsspár ehf. 2. Ávöxtunarkrafa í tilboðum viðskiptavaka í ríkisbréf (RIKB 13 0517). 3. Ávöxtunarkrafa í tilboðum viðskiptavaka í íbúðabréf (HFF 150644). Heimild: Seðlabanki Íslands.